

2017

# ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/20/2017

## Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2016 – 2017 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda 21. október 2016 og 20. október 2017.

## Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anna Björg Níelsdóttir, varaformaður, Ari Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi auk fjölda funda í minni hópum.

## Verkefni stjórnar

### Greining á úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Gengið var frá samningi við UMÍS ehf. Environce í október 2016 um greiningu á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og að mótaðar yrðu tillögur um mögulegt fyrirkomulag í úrgangsmálum á næstu árum. Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hefur verið verkefnisstjóri verkefnisins. Stjórn SOS hefur starfað sem verkefnisstjórn með verkefninu og hafa allir stjórnarfundir verið nýttar til þeirra starfa. Stefán skilaði áfangaskýrslu í mars s.l. og nú liggur fyrir lokaskýrsla og tillögur sem verkefnisstjóri og stjórn SOS leggja til að verði skoðaðar varðandi málaflökkinn.

Við þessa vinnu hefur það fyrirkomulag verið að stjórnarfundir SOS hafa verið haldir í aðildarsveitarfélögunum og byrjað á þeim sveitarfélögum sem ekki eiga aðalmenn í stjórn SOS. Hefur bæjar- og sveitarstjórnir sveitarfélagana, sveitarstjórnarmönnum og lykilmálhólkum viðkomandi sveitarfélaga í málaflöknum verið boðið að sitja þessa fundi. Tilgangurinn með þessu vinnulagi var að kalla eftir upplýsingum um stöðu úrgangsmála í viðkomandi sveitarfélagi og gera sveitarfélögin þátttakendur í þeirri vinnu sem verið er að vinna í af hálfu SOS. Þá hafa þessar ferðir verið nýttar í leiðinni til vettvangsskoðana til þess að skoða aðstöðu og möguleika á vinnslu úrgangs í sveitarfélögunum. Að mati stjórnar SOS þá hefur þetta vinnulag reynst mjög gagnlegt og upplýsandi fyrir alla aðila.

## Viðræður við Sorpu bs. og SSH

Stjórn SOS hefur haldið áfram viðræðum eða samtali við Sorpu en munstrið hefur breyst. Eiginlegar sameiningarviðræður Sorpu og SOS voru lagðar til hliðar í bili m.a. vegna greiningarvinnu vegna úrgangsmála á Suðurlandi. Stjórn Sorpu var síðan ekki tilbúin að framlengja samning um móttöku og meðhöndlun úrgangs á starfssvæði SOS nema um þrjá mánuði í viðbót frá síðustu áramótum. Jafnframt var gerð krafa um að að þeim tíma myndi liggja fyrir tímasett áætlun SOS um framhald á samstarfi þ.m.t. möguleikar á urðunarstað í landi Ölfus. Sú áætlun var lögð fram af hálfu stjórnar SOS og óskað eftir frekari framlengingu móttökusamningum til áramóta, m.a. vegna þeirrar greiningarvinnu sem verið var að vinna í. Stjórn Sorpu tók hins vegar þá þá ákvörðun að framlengja samninginn eingöngu til eins mánaðar og vísa málinu til meðferðar á eigendavettvangi.

Þessi viðbrögð komu okkur á óvart og var þegar óskað eftir fundi af hálfu aðildarsveitarfélaga SOS við aðildarsveitarfélög Sorpu. Fulltrúar aðildarsveitarfélaga SOS funduðu síðan með fulltrúum aðildarsveitarfélaga Sorpu undir merkjum SSH (Samband sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu). Út úr þessum viðræðum kom að móttökusamningurinn var framlengdur út október 2017. Þá hafa fulltrúar SOS fundað áfram með SSH með það í huga að gerð verði sameiginleg viljayfirlýsing varðandi úrgangsmálin. Ljóst er því að óvissa er um hvernig fyrirkomulagi á móttöku og meðhöndlun úrgangs verður háttáð á starfssvæði SOS, bæði til skamms og langs tíma.

#### **Samráðsnefnd sorpsamlagana á Suðvesturlandi**

Samráðsnefnd sorpsamlagana á Suðvesturlandi hefur haldið tvo fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS hafa setið. Ákveðið hefur verið að fram fari endurskoðun á Svæðisáætlun fyrir Suðvesturland 2009-2020 og verður SOS með í þeirri vinnu. Verkfræðistofan Mannvit hefur verið ráðin í verkið og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2018.

Á Suðvesturhorninu hefur síðan ýmislegt verið rætt í þessum málaflokki. Það eru þreifingar um samstarf/sameiningu milli Sorpu og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. (Kölku). Þá hefur SorpurðunVesturlands bs. komið inn í málin á vettvangi endurskoðunar á svæðisáætluninni. Fulltrúar þessara fjöggra sorpsamlaga fóru síðan í skoðunarferð til Noregs og Svíþjóðar í sumar til að kynna sér hvernig lausnir frændþjóðir okkar eru að nota í úrgangsmálum. Ljóst er að margt er líkt með skyldum þó aðilar noti mismunandi aðferðir við úrlausn úrgangsmála.

#### **Viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um meðhöndlun úrgangs á Nessandi.**

Á meðan vinna við greiningu á úrgangsmálum á Suðurlandi stendur yfir hafa viðræður milli SOS, Sorpu og Sveitarfélagsins Ölfus um meðhöndlun úrgangs á Nessandi legið niðri. Nú liggja fyrir í greininarvinnunni frekari upplýsingar um möguleika þess staðar sem gætu nýst til frekari ákvörðunartöku.

#### **Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu**

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa mælingar

sýnt fram á að öll mengun frá svæðinu er langt innan allra marka. Að öðru leyti hafa farið fram minniháttar aðgerðir til að svæðið líti vel út. SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt. Í greingarvinnu vegna úrgangsmála hefur staða Kirkjuferjuháleigu verið skoðuð og trúlega væri ekki hægt að opna staðinn aftur nema fara í viðamiklar aðgerðir vegna nýrra krafna um urðunarstaði.

### **Orkugerðin ehf.**

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Rekstur eftir að nauðsamningar voru samþykktir hafa gengið þokkalega. Hins vegar hafa komið upp vandamál varandi tækjabúnað og umtal hefur orðið um mengun frá rekstrinum. Það hafa komið upp vandamál tengd rekstrinum sem ekki hafa hjálpað til í þessu sambandi en á árinu 2017 hafa verið ráðnir þrír framkvæmdastjórnar sem hafa starfað mislengi. Nú horfir betur til með mönnun verksmiðjunnar en vegna vandamála reyndist nauðsynlegt að loka verksmiðjunni í sumar en slík lokun hefur ekki komið til áður. Eins og fyrr greinir starfsmannamál nú komin í betri farveg og góður markaður hefur verið fyrir afurðir félagsins. Þá er í greiningarvinnunni verið að skoða möguleika Orkugerðarinnar til móttöku á lífrænum úrgangi en ljóst er að hægt væri að með breytingum að nýta verksmiðjuna betur.

### **Samningar SOS og SASS**

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna við ákveðna þætti sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að meðan starfssemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu en mikið álag hefur verið á stjórn SOS á tímabilinu vegna mjög svo viðmikilla verkefna sem upp hafa komið. Ekki stendur til að óbreyttu að SOS ráði fastan starfsmann til félagsins.

### **Lokaorð**

Ljóst er að þessi málaflökkur er að verða sífellt fyrirferðarmeiri hjá sveitarfélagunum. Magn úrgangs til meðhöndlunar hefur aukist verulega síðustu þrjú ár og virðist þessi aukning halda áfram. Krafa íbúa er um aukna flokkun og hafa sveitarfélög verið að bregðast við þeim óskum með mismunandi hætti. Síðan má ekki gleyma þætti fyrirtækja, ferðamanna og sumarhúsaferfa sem losa mun meiri úrgang en íbúar svæðisins. Ljóst er að þeir aðilar verða líka að taka þátt í þessari vegferð flokkunar og úrgangsstjórnunar. Vonandi mun greiningarvinna á vegum SOS hjálpa til í þeirri vegferð. Á hinn bóginn eru síðan sveitarfélög á Suðurlandi enn og aftur í óvissu um það hvort að samningar takist við Sorpu eða aðra aðila um móttöku, meðhöndlun og urðun á úrgangi þannig að botn þarf að finnast í þau mál. Framundan eru því fjölmörg mál sem vinna þarf að þannig að ný stjórn SOS þarf ekki að óttast um verkefnaleysi frekar en sú fyrri.